



Reykjavík, 3. júní 2024

VEL24050026

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: **Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um verkferla við afhendingu íbúða og aðstoð við húsbúnað umfram greiðslu húsbúnaðarstyrks**

Þann 15. maí 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um verkferla við afhendingu íbúða og aðstoð við húsbúnað umfram greiðslu húsbúnaðarstyrks:

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort eitthvað verklag sé til staðar hjá velferðarsviði þegar einstaklingi er afhent íbúð og einstaklingurinn á ekkert nema fötin sem hann klæðist? Einnig er spurt um aðstoð við að fá nauðsynlegan húsbúnað umfram húsbúnaðarstyrk sem einstaklingar hafa rétt á samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar? Fulltrúi Flokks fólksins fékk spurnir af konu sem fékk íbúð hjá Reykjavíkurborg án nokkurs húsbúnaðar. Hún hafði flúið í Kvennaathvarfið eftir miklar hörmungar og hafði konan ekkert meðferðis nema fötin sem hún klæddist. Eftir dvölinu í Kvennaathvarfinu fór konan í íbúðina sem var án nokkurs húsbúnaðar og þurfti konan því að sofa á beru gólfinu. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvort velferðarsvið hafi einhverja verkferla þegar einstaklingum í svo viðkvæmri stöðu er afhent húsnæði.*

#### **Svar:**

Almennt er húsnæði Félagsbústaða ekki útbúið hefðbundnum húsbúnaði þegar til úthlutunar kemur, ef smáhúsin eru undanskilin. Ekkert formlegt verklag er til staðar hjá velferðarsviði þegar einstaklingi er afhent íbúð með tilliti til þess að kanna hvaða húsbúnað viðkomandi þarfnast. Hins vegar þekkja ráðgjafar almennt séð vel til aðstæðna þeirra sem eru að fá afhent húsnæði og hafa verið húsnæðislausir til lengri tíma og veita þá aðstoð til að sækja um húsbúnaðarstyrk. Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er heimilt að veita styrki vegna húsbúnaðar að tilteknum skilyrðum uppfylltum skv. 19. gr. reglna. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru allt að 150.000 kr.

Í ákveðnum tilfellum er ljóst að við upphaf búsetu þarf að styðja einstaklinga til húsbúnaðarkaupa umfram það sem heimilt er samkvæmt reglum. Ráðgjafar aðstoða þá viðkomandi einstakling til að áfrýja umsókn til áfrýjunarnefndar velferðarráðs. Í sumum tilfellum liggur fyrir samþykki um húsbúnaðarstyrk áður en viðkomandi fær afhenta íbúð t.d. þegar um er að ræða einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu. Ráðgjafar aðstoða þá gjarnan þá einstaklinga til að koma sér vel fyrir í íbúðum sínum.



Reykjavík